

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur um gæsluvarðhalds- og farbannsúrskurði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir gæsluvarðhaldsúrskurðir og hversu margir farbannsúrskurðir voru kveðnir upp í héraðsdómstólum landsins sl. fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir dómstólum, flokkum brota sem rannsókn beindist að, þjóðerni þeirra sem úrskurður beindist gegn og lagaákvæði sem hann var reistur á.

Við vinnslu fyrirspurnar var óskað upplýsinga frá dómstólasýslunni.

Undanfarið hefur staðið yfir innleiðing á nýju upplýsingakerfi héraðsdómstólanna og verður eldri málaskrá lögð niður samhliða innleiðingunni. Af öryggisástæðum hafa tengingar við eldri málaskrá verið takmarkaðar verulega. Af þeim sökum er ekki unnt að svara fyrirspurninni með jafn ítarlegum hætti og óskað er eftir.

Aðeins er unnt að nálgast heildarfjölda gæsluvarðhaldsúrskurða* fyrir árin 2014–2018 og eru þeir eftirfarandi:

2018	2017	2016	2015	2014
489	449	343	338	257

Mögulegt er að greina farbannsúrskurði* eftir dómstólum síðustu fjögur ár og eru þeir eftirfarandi:

	2015	2016	2017	2018
Héraðsdómur Reykjavíkur	33	49	47	92
Héraðsdómur Reykjaness	22	73	32	98
Héraðsdómur Suðurlands	11	9	1	11
Héraðsdómur Austurlands	1	0	0	0
Héraðsdómur Norðurlands eystra	2	2	2	7
Héraðsdómur Norðurlands vestra	0	3	0	0
Héraðsdómur Vestfjarða	0	0	0	3
Héraðsdómur Vesturlands	0	1	3	3
Samtals	69	137	85	214

*Athygli er vakin á því að um er að ræða fjölda gæsluvarðhalds- og farbannsúrskurða og sama einstakling má úrskurðaða endurtekið í gæsluvarðhald eða farbann.

Ekki er unnt að nálgast upplýsingar úr málaskrá eftir brotaflokkum sem rannsókn beinist að, þjóðerni þeirra sem úrskurðir beindust gegn eða lagaákvæðum sem úrskurðir eru reistir á. Til þess að nálgast svo ítarlegar upplýsingar þarf að skoða hvern og einn úrskurð. Slík vinna yrði það umfangsmikil að ekki er hægt að svara þeim hluta fyrirspurnarinnar í stuttu máli, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.